Skúlptúrar Hallsteins Sigurðssonar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Kjarvalsstaðir bjóða upp á ýmislegt forvitnilegt um þessar mundir. Í vestri sal er úttekt á innkaupum borgarinnar á myndverkum sl. þrjú ár og kennir þar margra grasa, — er einkum ánægjulegt, að ekki er um neina einstefnu að ræða á þeim vettvangi. Í Kjarvalssal er sýning á úrvali Þingvallamynda Kjarvals, sem afhjúpar ljóslega hinn stemningaríka „artista". Kjarval var aldrei neinn kortagerðarmaður í list sinni, heldur málaði eins og andinn bauð hverju sinni og fléttaði iðulega inn í myndir sínar sitthvað úr eigin sálarkirnu, myndefninu alls óviðkomandi.

Fyrir framan og þó einkum aftan húsið hefur **Hallsteinn Sigurðsson** komið fyrir nokkrum skúlptúrum og er þetta sérsýning listamannsins, — hin sjöunda í röðinni hér í borg. Hallsteinn hefur jafnframt tekið þátt í fjölda samsýninga hér heima og erlendis. Þá hefur listamaðurinn unnið að ýmsum verkefnum fyrir opinbera aðila. Hallsteinn Sigurðsson er metnaðargjarn myndhöggvari og vinnusamur með afbrigðum, — undirstöðuna vantar hann þannig ekki og við þetta bætist traust og haldgott nám heima og erlendis. Myndverk listamannsins hafa oft þótt hafa yfir sér nokkuð þungan blæ, verið rammgerðar og efnismiklar og eru t.d. myndirnar fyrir framan húsið „Adam og Eva" og „Ris" dæmi um það. Ég fortek ekki, að þetta kunni allteins að vera aðal og höfuðeinkenni listamannsins, en hins vegar met ég léttleikann betur svo sem hann kemur fram í myndverkunum á bak við húsið. Hér þykir mér Hallsteinn einmitt hafa höndlað þann áreynslulausa léttleika, sem er svo mikilvægur í allri góðri myndlist. Einkum þykir mér hvítu myndirnar „Fönsun V", og „Fönsun VI", sterk og hrifmikil verk. Hér kemur það vel fram, að Hallsteinn kann einnig þá list að bregða á leik með formin, þannig að úr verði sannfærandi og öguð myndverk. Þetta er nú einmitt galdurinn, sem allir miklir myndhöggvarar hafa meistrað til hlýtar í hvaða efni sem þeir nú hafa unnið.

Að mínu áliti eru þessar myndir á bak við Kjarvalsstaði einhver öflugustu skúlptúrverk sem frá hendi Hallsteins Sigurðssonar hafa komið. Annað mál er að léttleikinn í myndunum nýtur sín ekki til fulls á þessum stað og á þeim sökklum, sem listamaðurinn hefur valið þeim. Þungbúin veðrátta gerir Kjarvalsstaði enn þyngslalegri en ella og myndverkin hefðu notið sín ólíkt betur úti á grænu túninu, — fjarri allri þessari steinsteypu. Allt annað mál er, að önnur hvíta myndin í margfaldri stærð gæti lyft umhverfinu upp. Slíkar myndir í viðunandi stærð eru einmitt vel fallnar til að lyfta upp íslenzkri grámósku í byggingarlist og veðurfari.

Og þar sem ég minntist á veðurfarið þykir mér tilvalið að vísa til þess, að nú er einmitt kjörið tækifæri til að koma sér í gott skap og gerst um leið virkur listnjótandi, með heimsókn á Kjarvalsstaði.



Hallsteinn Sigurðsson

Áskriftar-síminn er 83033

Blaðburðarfólk óskast!



Úthverfi
Sogavegur 101—212

Morgunblaðið

Riminisól
- Como og Zürich í kaupbæti



22. ág. - 4. sept.

Glæsileg hálfsmánaðar ferð, einstök blanda af baðstrandarlífi, alparómantík og stórborgarfjöri.

22. ág. - 31. ág. Rimini
31. ág. - 01. sept. Comovatn - í ítölsku ölpunum
01. sept. - 04. sept. Zürich - borg borganna í Sviss.

Fyrsta flokks hótel á öllum stöðum.

Verð kr. 19.800.
miðað við gistingu í tveggja manna herbergi.

Innifalið: Flug, hótelgisting m/morgunverði á Rimini, við Comovatn og í Zürich, rútuferð Rimini - Como - Zürich, íslensk fararstjórn.

Síðustu sætin til Rimini.
22. ágúst 1, 2 og 3 vikur uppselt
29. ágúst 2 vikur nokkur sæti laus
5. september 1 og 3 vikur nokkur sæti laus
Allar aðrar ferðir uppseldar!

Samvinnuferðir - Landsýn
AUSTURSTRÆTI 12 - SÍMAR 27077 & 28899

"TÖFF" ÚTILJÓS

Vinsamlega sækið pantanir strax, því birgðir eru takmarkaðar.

Rafkaup
Suðurlandsbraut 4 – Sími 81518